

NÁM AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA



ÚR GRUNNSKÓLA Í FRAMHALDSSKÓLA

Tímamót í lífi unglunga – fyrsta ákvörðunin um eigin náms- og starfsferil

Getur reynst erfitt að velja framhaldsskóla

15 framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu

Mikið námsframboð: bóknáms- og starfsnámsbrautir

Námsleiðir eru fjölbreyttar og taka mið af ólíkum þörfum nemenda og gefa þeim tækifæri til að velja sér nám eftir áhugasviðum

VAL Á NÁMI AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA

Samspil margra þátta:

Áhugi nemenda

Námsframboð

Nálægð við heimili – staðsetning

Félagslíf

Foreldrar og aðrar fyrirmyndir

Félagsleg staða og vinir

Bekkja- eða áfangakerfi

Orðspor skólanna

HLUTVERK FORELDRA

Styðjandi og bera virðingu fyrir hugmyndum unglínganna

- Samræður um námsval, hlusta á skoðanir og sýna áhuga
- Spyrja spurninga í stað þess að gefa ráð og svör
- Forðast að bera saman við aðra, t.d. systkini
- Vera þátttakandi, opin hús og kynningar
- Ef unglíngur er mjög óákveðinn, skapa forvitni í kringum valmöguleikana

REYNSLA FORELDRA AF FRAMHALDSSKÓLUM

Breytingar hafa orðið á framhaldsskólakerfinu

- Stytting á námi í framhaldsskóla
- Aukið námsframboð
- Breyttir kennsluhættir
- Bekkjarskólum fækkað
- Nemendur ekki í forgangi vegna búsetu

VAL Á FRAMHALDSSKÓLA

Velja eftir áhugasviði – skoða námsbrautir vel í stað þess að velja fyrst skólann

Skoða kennsluhætti og námsmat

Upplýsingar um námsframboð:

- Heimasíður framhaldsskólanna t.d. upplýsingar um inntökuskilyrði
- Fræðsla í skólanum
- Áhugakönnun – Bendill
- Viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa
- Opin hús framhaldsskóla í mars til apríl – upplýsingar um dagsetningar á heimasíðu Garðaskóla undir **Útskriftarnemendur 2020**

STARFSNÁM

Starfsnám er bæði bóklegt og verklegt nám (skóli/vinnustaður)

Námið getur tekið frá einni önn upp í 5 ár

Lýkur með sveinsprófi

Meistaránám

Hægt að ljúka stúdentsprófi samhliða

Starfsnám skiptist í:

- Iðnnám sem veitir lögvernduð starfsréttindi (rafvirki, málari, smiður, bifvélavirki, matreiðslumaður/kona ofl.).
- Annað starfsnám sem veitir undirbúning fyrir ákveðin störf (sjúkraliðabraut, snyrtifræðibraut, tanntæknir, matartæknir ofl.)

LISTNÁM

Margir skólar bjóða upp á list- og hönnunarnám

Borgarholtsskóli, Flensborg, FB, Fmos, FG, FÁ, Menntaskólinn í tónlist, MH,

Tækniskólinn og Versló

Textíl, myndlist, hönnun, leiklist, nýsköpun, dans, gull og silfursmíði, tónlist....

Hægt að fara í viðbótarnám til stúdentsprófs

Góður undirbúningur undir listnám á háskólastigi

BÓKLEGT NÁM - STÚDENTSPRÓF

Kjarni: námsgreinar sem öllum nemendum er skylt að taka. Mismunandi eftir brautum

Kjörsvið: nemandi velur sér kjörsvið (braut). Þetta eru greinar t.d. á sviði félagsvísinda, náttúrufræða, tungumála og viðskipta

félagsfræðibraut: áhersla á félagsfræði, sögu, sálfræði, fjölmiðlafræði

málabraut/hugvísndabraut: áhersla á tungumál,saga, heimspeki....

náttúrufræðibraut: áhersla á stærðfræði, líffræði, eðlisfræði, efnafræði

viðskiptabraut: áhersla á viðskipta- og hagfræðigreinar

Frjálst val: valgreinar sem eru mismunandi eftir skólum

FRAMHALDSSKÓLABRAUT

Opin öllum þeim sem hafa lokið grunnskóla. Nám á brautinni er breytilegt eftir skólum og tekur 1-2 ár.

Brautin hentar nemendum sem:

- uppfylla ekki skilyrði á aðrar námsbrautir
- eru óákveðnir og hafa ekki gert upp huga sinn

ÁFANGAKERFI

- Borgarholtsskóli
- Fjölbrautaskólinn við Ármúla
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ – 3 annir
- Flensborgaskólinn í Hafnarfirði
- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- Menntaskólinn við Hamrahlíð
- Menntaskólinn í Kópavogi
- Menntaskólinn við Sund – 3 annir
- Myndlistaskólinn í Reykjavík
- Tækniskólinn

Skólaárið skiptist í tvær jafnar annir, haustönn og vorönn og lýkur hvorri önn með lokaprófum í viðkomandi áfanga

Námið er skipulagt til einnar annar í senn og námsefni skipt niður í áfanga

Ljúka þarf ákveðnum lágmarks einingafjölda á hverri önn

Áfangakerfið býður upp á sveigjanlegan námstíma

BEKKJAKERFI

- Menntaskólinn í Reykjavík
- Kvennaskólinn í Reykjavík
- Verzlunarskóli Íslands

Nemendum er skipt í bekki sem fylgjast að allan veturinn

Námið er yfirleitt skipulagt sem heilsvetrar nám

Nemandi þarf að fá vissa einkunn að vori til að halda áfram á næsta ár

Verzlunarskólinn er bekkjaskóli með áfangasniði

SKÓLAR SEM BJÓÐA UPP Á STARFSMENNTUN

- Borgarholtsskóli
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Fjölbrautaskólinn við Ármúla
- Menntaskólinn í Kópavogi
- Tækniskólinn í Rvk og Hafnarfirði

NÁMSBRAUTIR

Mismunandi áherslur á námsbrautum eftir skólum:

Félagsfræðibraut

- Kvennó: félagsvísindabraut
 - Sérhæfing í tveimur sérgreinum af fjórum: félagsfræði, saga, sálfræði eða uppeldisfræði
- Borgarholtsskóli: Félags- og hugvísindabraut,
 - Áhersla á félagsvísindi, tungumál og hugvísindi. Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði
- MS: félagsfræðibraut
 - Félagsfræði og sögulína
 - Hagfræði og stærðfærðilína
- <https://kvenno.is/kvennaskolinn/namid/nam-og-kennsluhaettir/namsbrautir/>

INNRIÐUN OG INNTÖKUSKILYRÐI FYRIR FRAMHALDSSKÓLA 2020

Menntamálastofnun www.mms.is

Menntagátt www.menntagatt.is

Facebooksíða: Ráðgjöf vegna innritunar í framhaldsskóla

INNTRITUN TÍMASETNINGAR

Forinnritun 9. mars – 13. apríl

Lokainnritun 6. maí – 10. júní

Ef veflyklabréf týnist þarf að hafa samband við skrifstofu skólans, skólastjórnendur eða náms- og starfsráðgjafa.

INNBITUN

Hver framhaldsskóli **setur sér viðmið um inntökuskilyrði** inn á einstakar brautir

Einkunnir eru sendar rafrænt frá grunnskóla til framhaldsskóla eftir skólaslit

Nemendur og forráðamenn þurfa að fylgja því eftir að framhaldsskólanám í grunnskóla berist til þess skóla sem sótt er um

Muna að **staðfesta umsókn** – alltaf hægt að fara inn í hana aftur og gera breytingar

Menntamálastofnun finnur skólavist fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri sem ekki fá skólavist í þeim skólum sem þeir sækja um í

INNTRITUN OG NÁMSMAT

Námsmat auðveldar framhaldsskólum að raða nemendum á rétt þrep

Nemendur þurfa að fá B í einkunn til þess að geta hafið nám á öðru þrepi

Nemendur með C eða D í kjarnagreinum þurfa að hefja nám á fyrsta þrepi

INNTÖKUSKILYRÐI OG REGLUR VIÐ INNRIÐUN

Framhaldsskólar setja sér sjálfir reglur um inntöku

Mikilvægt að kynna sér inntökuskilyrðin á heimasíðum framhaldsskólanna

Skólarnir horfa til einkunna þegar þeir meta nemendur inn

Í flestum tilvikum þarf ekki að senda nein viðbótagögn með umsókninni nema það sé tekið fram

Ef nemandi ætlar að senda eitthvað með umsókninni þá er best að senda þau gögn sem fylgiskjal í umsóknarferlinu, þó ekki víst að skólarnir skoði gögnin.

VIÐBÓTARGÖGN MEÐ UMSÓKN

Skoða vel hvort skólar óski eftir viðbótargögnum!

Gögn um greiningar á ekki að senda með umsóknum

Forráðamenn þurfa að flytja greiningar á milli skólastiga

Skólar hafa ekki sjálfkrafa aðgang að niðurstöðum samræmdra prófa

MUNA...

Eftir að það lokar fyrir innritun fyrir miðnætti 10. júní þá er EKKI hægt að breyta neinu

Það borgar sig EKKI að vera að „fikta“ í umsókninni sinni nokkrum tímum áður en það lokar og alls EKKI síðasta klukkutímann

Ekki hægt að ákveða að fara frekar í skóla í vali 2 (ef viðkomandi hefur fengið inni í vali nr. 1)

ÚRVINNSLA UMSÓKNA

Skólarnir afgreiða umsóknir jafnt óháð því hvort þeir eru settir í fyrsta eða annað val

Þeir horfa til einkunna og raða nemendum eftir þeim

Ef nemandi raðast ofarlega hjá báðum skólum, fær hann inni í þeim fyrri

Einungis einn skóli býður hverjum nemanda skólavist

Nemanda sem ekki fær skólavist í þeim skólum sem hann sótti um er fundin skólavist í þriðja skóla

Undanfarin ár hafa 98% nemenda fengið skólavist í öðrum hvorum þeirra skóla sem þeir sóttu um. Ef nemandi hafnar tilboði um þriðja skólann þá er skyldu Menntamálastofnunar til að útvega honum skólavist lokið.

ÚRVINNSLA UMSÓKNA

Tölugildi á bak við bókstafi, notað til að flýta fyrir úrvinnslu umsókna í einstaka skólum

A	B+	B	C+	C	D
4	3,75	3	2,75	2	1

Íslenska, stærðfræði og enska. Aðrar námsgreinar geta bæst við, mismunandi eftir skólum og brautum.

HVENÆR LIGGUR FYRIR HVAR NEMANDI FÆR SKÓLAVIST?

Miðað er við að allir verði búnir að fá að vita hvar þeir fengu skólavist í kringum 25. júní

Nemendur fá sendan greiðsluseðil á heimilisfang eða í heimabanka forráðamanna.

Muna að greiða innritunargjaldið/greiðsluseðil fyrir gjalddaga, annars er litið svo á að skólavist sé hafnað.

FG – GOTT AÐ VITA

Enginn forgangur fyrir nemendur í Garðabæ, nema á Framhaldsskólabraut

Nemendur velja þá braut sem þeir vilja fara á óháð einkunnum

FG raðar nemendum í undanfaraáfanga, áfanga á 1. þrepi eða á 2. þrepi eftir einkunnum í kjarnagreinum, ef D í einkunn þá tveir undanfaraáfangar

Nemendur sem ná ekki viðmiðum á grunnskólaprófi eiga möguleika á að fá inni á Framhaldsskólabraut – ekki hægt að velja hana – ekki öruggt, ákveðið mörg pláss í boði þar

Haust 2019 var sá nemandi sem var með lægstu einkunnina sem fór beint inn á stúdentsbraut með 2 B og eitt C+ (ísl, ens, stæ) – óvíst hvernig umsóknir verða í ár

GÓÐAR VEFSÍÐUR

Nám og störf <https://www.namogstorf.is/>

Næsta skref <https://naestaskref.is/>

Takk fyrir og gangi ykkur vel!